

BORGARRÁÐ 20. september 2018: Framhaldsfyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um ráðningu skrifstofustjóra skrifstofu eigna og atvinnuþróunar - R18010192

Á fundi borgarráðs hinn 13. september sl. barst svar við fyrirspurn frá borgarfulltrúa Miðflokksins vegna ráðningar skrifstofustjóra skrifstofu eigna og atvinnuþróunar og hvers vegna hann væri ekki kominn til starfa. Þegar svarið var lesið var það mjög loðið og svaraði ekki spurningunni. Því var borgarritara gefinn kostur á að endurskrifa svarið en sama svar kom á ný. Því verður að leggja spurninguna fram aftur og er hún svohljóðandi: Með hvaða hætti urðu starfslok skrifstofustjóra skrifstofu eigna og atvinnuþróunar? Óskað er eftir að öll skrifleg gögn sem varaða málið fylgi svarinu til staðfestingar.